

Ed.

640. Nefndarálit

[217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Snemma á þessu þingi fluttu þrjú þingmenn Framsóknarflokksins í Nd. frv. um breyt. á lögum nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Felur það í sér breytingar á þeim greinum laganna, sem kveða á um framlög úr ríkissjóði til landnáms ríkisins og bygginga á sveitabýlum, til hækkunar frá því, sem er samkvæmt gildandi lögum.

Frv. því var vísað til landbúnaðarnefndar Nd. 3. nóv. 1960. Þegar frv. hafði legið hjá nefndinni 95 daga, þá skilaði minni hlutinn álit, þ. e. fulltrúar þeirra flokka, sem nú eru í stjórnarandstöðu. Þar segir, að málið hafi ekki fengið tekið fyrir í nefndinni fyrr en þá og að minni hl. nefndarinnar vilji ekki lengur una slíkum drætti á afgreiðslu svo þýðingarmikils máls, en leggi til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

En meiri hl. landbúnaðarnefndar Nd. virðist ekki hafa hug á að hraða afgreiðslu málsins, því að hann hefur ekki enn skilað álit um frv., þótt nú sé komið að þinglokum og liðnir séu 140 dagar, síðan nefndin fékk það til athugunar.

En svo bar við, að fyrir þremur dögum var borið fram í þessari háttv. deild stjórnarfrumvarp þetta, þar sem lagt er til, að gerðar verði breytingar á sömu ákvæðum laganna um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem frv. framsóknarmanna fjallar um, svo að frumvörpin eru að sumu leyti samhljóða, en að öðru leyti í þessu frv. gert ráð fyrir nokkru lægri framlögum en í frv. framsóknarmanna.

Í greinargerð þessa frv. er m. a. tekið fram, að ræktunarkostnaður hafi á þremur síðustu árum hækkað sem svarar 38% og að á sama tíma hafi byggingarkostnaður hækkað sem nemur allt að 100 þús. kr. á hús með 90 m² gólfleti á einni hæð. Efnahagsráðstafanir núverandi ríkisstjórnar valda langmestu um þessar miklu hækkunarir.

Þegar á öndverðu þessu þingi var af hálfu Framsóknarflokksins lögð áherzla á, að nauðsyn beri til vegna hinna gífurlegu verðhækkana að hækka framlög þau, sem um ræðir í þessu frv. Því ber að fagna, að ríkisstjórnin hefur nú áttað sig á þessu og hyggst nú gera nokkra bragarbót undir þinglok. En við teljum, að hækkun á þessum framlögum megi ekki minni vera en lagt er til í frv. því um þetta efni, sem liggur fyrir Nd.

Við leggjum því til, að frv. þetta verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. í stað „minnst 6.5 milljónir“ komi: minnst 7.5 milljónir.
2. Við 3. gr. í stað „6.0 milljónir“ komi: 7.5 milljónir.

Alþingi, 24. marz 1961.

Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.